



**Valferli án tillagna**

# Val hönnunarteymis / hönnuðar í samstarfi við Miðstöð hönnunar og arkitektúrs

Miðstöð hönnunar og arkitektúrs vinnur að því að efla og auka samstarf milli hönnuða og arkitekta annars vegar og fyrirtækja, stofnana og stjórnvalda hins vegar. Starfsmenn Miðstöðvarinnar sinna ráðgjöf og reyna eftir bestu getu að greiða leiðir þeirra sem eru að leita að samstarfsaðilum á sviði hönnunar og arkitektúrs. Samstarf við Miðstöð hönnunar og arkitektúrs tryggir fagmennsku, gæði og þátttöku íslenskra hönnuða.

**Valferli án tillagna** tryggir að verkkaupi og hönnunarteymi / hönnuður geti átt í samtali og skipst á skoðunum um verkefnið, hugmyndir og markmið áður en vinna við tillögugerð hefst.

Valferli án tillagna er einfalt ferli fyrir verkkaupa og þátttakendur sem hvetur til góðrar þátttöku.

*Áður en farið er af stað í valferli er gott að hafa í huga nokkur mikilvæg atriði:*

## Vel skilgreint verkefni

Góð lýsing verkefnis og skýr markmið leiða til betri niðurstöðu.

## Hæf valnefnd

Til að tryggja faglegt ferli og góða þátttöku verður að skipa hæft fagfólk í valnefnd í samráði við Miðstöð hönnunar og arkitektúrs. Í kynningum skal að nafngreina fulltrúa í valnefnd, enda sjálfsgöð krafa að þátttakendur viti fyrirfram hverjir standa að valinu.

## Skýr tímarammi

Þegar auglýst er eftir áhugasömum þátttakendum þarf að gefa hæfilegan tíma til að senda inn umsóknir og fyrir valnefnd að vinna sína vinnu.

## Helstu kostir

1. Náið samstarf milli teymis og verkkaupa sem eykur skilning og gæði.
2. Teymi fær betri upplýsingar og getur verið í samtali við verkkaupa á meðan að vinnslu verkefnisins stendur.
3. Fjölbreytt og ólík teymi fá tækifæri til að sækja um verkefnið.
4. Teymi fá jöfn tækifæri til að taka að sér verkefni.
5. Engin krafa til teyma um að vinna mikla ólaunaða vinnu.
6. Hagkvæm og fljótleg leið til að leiða saman verkkaupa og teymi (ca.4v.).

## Helstu ókostir

1. Takmarkaðar upplýsingar frá hverju teymi í umsóknarferlinu.
2. Ekki valið út frá tillögum svo ekki er vitað hvernig lokaafurð verður.

# Verkferli

**Valferli** – opið og auglýst ferli fyrir alla hönnuði / arkitekta sem eru félagsmenn í félögunum níu sem eiga Miðstöð hönnunar og arkitektúrs.

**Lokað valferli** – ferli þar sem ákveðnum hönnunarteymum / hönnuðum er boðið til þátttöku í valferli.

## Miðstöð hönnunar og arkitektúrs

1. Veitir verkkaupa ráðgjöf varðandi framkvæmd valferlis og aðstoðar við að skilgreina verkefnið og gerð verkefnalýsingar eftir þörfum.
2. Leggur til verkefnastjóra sem heldur utan um ferlið.
3. Sér um að tilnefna fulltrúa í valnefnd.
4. Tekur þátt í að velja formann valnefndar í samráði við verkkaupa.
5. Kynnir valferlið meðal hönnuða / arkitekta, aðildarfélaga sinna með öllum tiltækum leiðum og hvetur til þátttöku.
6. Svarar spurningum sem berast varðandi valferlið, gerist þess þörf og tryggir að allir þátttakendur fáu sömu upplýsingar.
7. Aðstoðar við gerð matsblaðs.
8. Upplýsir þátttakendur um niðurstöðu valferlis í samráði við formann.

## Verkkaupi

1. Leggur fram verklýsingu í samráði við Miðstöð hönnunar og arkitektúrs.
2. Tilnefnir fulltrúa í valnefnd.
3. Stendur straum af kostnaði við framkvæmd valferlis.

## Valnefnd

Í valnefnd eru fulltrúar verkkaupa og fagfólk sem Miðstöð hönnunar og arkitektúrs skipar. Hlutverk valnefndar er að fara yfir allar umsóknir, velja teymi úr innsendum umsóknum til að funda með og að lokum velja eitt teymi til að taka verkið að sér.

Mikilvægt er að þeir sem sitja í valnefnd fyrir hönd verkaupa séu sömu aðilar og vinna verkefnið með hönnunarteymi / hönnuði, enda eru góð samskipti á milli þessara aðila aðalatriði.

**Verkefnastjóri** stýrir ferlinu, fundartímum, fundum og sinnir samskiptum.

# Framkvæmd

## Verkkaupi

- Áður en auglýst er eftir teymi þarf verkkaupi að skilgreina eftirfarandi:
- Markmið og áherslur verkefnis
  - Stutta lýsingu um bakgrunn verkefnis
  - Markhópur verkefnis
  - Umfang verkefnis
  - Tímaramma
  - Hugmyndir um kostnað

## Kynning og auglýsingar

Miðstöð hönnunar og arkitektúrs tekur þátt í að skrifa hnitmiðaðan kynningartexta og góða framsetningu kynningar í samstafi við verkkaupa og kynnir valferlið í sínum miðlum. Verkkaupi kynnir verkefnið í sínum miðlum, eftir því sem við á, og sér um að greiða fyrir frekari kynningar sé vilji til að auglýsa ferlið í fjölmiðlum. Með kynningu valferlisins fær verkefnið sjálft athygli vegna umfjöllunar og auglýsingar á verkefninu.

## Teymið og umsóknarferlið

Þegar kallað er eftir þátttakendum í valferli eru teymi beðin um að senda inn umsókn, að hámarki fjórar A4-blaðsíður, þar sem fram koma upplýsingar um hönnunarteymið, fyrri verkefni, menntun, nálgun og hugmyndafræði sem teymið sér fyrir að leggja upp með í verkefninu. Ekki er ætlast til að sýndar séu tillögur vegna verkefnisins í umsókninni.

Valnefnd velur 3-5 teymi úr innsendum umsóknum og boðar til fundar til að ræða mögulegt samstarf.

Á fundum með teyimum á valnefnd samtal um og fær kynningu á:

- Hugmyndafræði
- Aðferðafræði og nálgun við verkefnið
- Þekking, reynsla og fyrri verkefni
- Fagleg breidd
- Samsetning hóps m.t.t. kynja og kynslóðajafnvægis
- Trúverðugleiki, gæði umsóknar
- Tímaverð

Eftir kynningarfundina er teymi valið til að taka verkið að sér.

## Matsblað

Mikilvægt er að allar umsóknir séu metnar jafnt og af fagmennsku. Til að tryggja að svo sé notar valnefnd matsblað sem unnið er út frá verkefnislýsingu, markmiðum og áherslum verkefnisins sem mótaðar eru með verkkaupa í upphafi.

Dæmi um áherslur á matsblaði og vægi hvers þáttar

- 35% Hugmyndafræði, nálgun
- 35% Þekking, reynsla og fyrri verkefni
- 10% Fagleg breidd
- 10% Samsetning hóps m.t.t. kynja og kynslóðajafnvægis
- 10% Trúverðugleiki, gæði umsókna

## Niðurstaða og samningur

Þegar val teymis liggur fyrir, semur verkkaupi við teymið um vinnslu verkefnisins. Ef þörf krefur getur Miðstöð hönnunar og arkitektúrs aðstoðað við það ferli.

**Miðstöð hönnunar  
og arkitektúrs**  
**Iceland Design  
and Architecture**

